

6. gr.

Skuldarar fá ekki fyrirgreiðslu að nýju hjá Íbúðalánasjóði fyrr en kröfur sjóðsins á hendur þeim hafa verið greiddar, samið hefur verið um greiðslu þeirra skv. 5. gr. eða þær afskrifaðar skv. 7. gr.

Þegar skuldari hefur gefið út skuldabréf til greiðslu á kröfu getur hann sótt um fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði að nýju. Skuld samkvæmt slíku skuldabréfi skal tilgreind í greiðslumati ásamt öðrum skuldum og tekið tillit til hennar við mat á greiðslugetu skuldara.

7. gr.

Að liðnum 5 árum frá nauðungarsölu er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að afskrifa kröfur sem glatað hafa veðtryggingu enda liggi þá fyrir að krafan sé óinnheimtanleg.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 47. og 50. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Búðahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Búðahreppi sbr. 2. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Búðahreppi er 8.500 kr. fyrir árið 1999.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí 1999.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Búðahreppi sbr. 8. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Búðahreppi er 6.600 kr. fyrir árið 1999.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí 1999.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að gilda á árinu 1999.

Framangreind gjaldskrá var samþykkt í tveim umræðum í hreppsnefnd Búðahrepps, þann 9. mars 1999 og 20. maí 1999 og í aukaumfjöllun 6. júlí 1999.

Fáskrúðsfirði, 9. ágúst 1999.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.